



VERKFERILL VEGNA COVID-19

Verkefni: Allir verkstaðir

Dags: 17.3.2020

Verkferill hjá byggingarfyrirtækinu Eykt vegna tilmæla frá embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Eykt leggur sitt að mörkum til að upplýsa starfsmenn um viðbragðsáætlun fyrirtækisins og hvaða reglur gilda um starfsemi þess á meðan á varúðarráðstöfunum stendur vegna COVID-19.

Handþvottur er mikilvægur.

Mikilvægt er að allir þvo sér vel um hendur, spritti sig og noti einnota handþurrkur. Handspritt skulu vera við helstu inn og útgönguleiðis ásamt því að vera í kaffi og mataraðstöðu, salernum, fundarrýmum og svo framvegis. Almennt skulu starfsmenn bæta eign hreinlæti eins og kostur er.

Sendi- og vörubílstjórar.

Hafi ekki bein tengsl við sölumenn heldur láti setja inn í bílana sína.

Hafi ekki bein tengsl við vinnustaðina og láti starfsmenn á vinnu stöðunum afferma bílana hjá sér.

Enginn undirverktaki fari því sjálfur að ná í nokkurn hlut heldur verði sendibílstjórar sem ná í allt sem þarf fyrir vinnustaðinn. Verði það nauðsynlegt að ná í eitthvað af einhverjum ástæðum verður það sameiginleg ákvörðun verkefnastjóra, verkstjóra og verkstjóra undirverktaka.

Verkefna- og verkstjórar.

Takmarki bein tengsl við starfsmenn undirverktaka eins og kostur er.

Verkefnastjórar og verkstjórar takmarki tengsl milli annarra verkefna og verkstjóra innan fyrirtækis sérstaklega milli verka.

Fundur verði færri en venjulega. Séu leiðbeiningar frá landlækni ekki uppfylltar eins og fjarlægðir skal halda fund í matsal til að uppfylla fjarlægðarviðmið. Ef það er ekki hægt skal fella fundinn niður.

Starfsmenn

Undirverktakar haldi frekar hópinn og blandist ekki við aðra undirverktaka nema að eins litlu leiti og hægt er. Mismunandi undirverktakar fari því ekki í kaffi og mat á sama tíma og takmarki eins og kostur er samveru.

Kaffitímar verði haldnir úti á verkstað hjá hverjum og einum sé þess kostur en ef kaffiskúr og matsalur verði aðstaðan þá verði skipt upp tímum þannig að allur vinnustaðurinn blandist ekki að öþörfu.

Verkstjóri/yfirmenn verktaka tilgreinir ábyrgðarmann sem þrífur fyrir og eftir kaffitíma. Þrif er átt við: spritt fyrir starfsmenn, þrif á handföngum og hurðahúnum, þurkað af borði og það sem verið er að nota.

Salernis aðstaða.

Skilgreint hverjir noti hvaða aðstöðu þannig að mismunandi verktakar deili sem minnst sameiginlegum rýmum.

Þrif.

Þrif þarf að uppfæra þannig að þrif á salernum og kaffiaðstöðu verði haldið í sem bestum gæðum. Þrifa álagsfleti svo sem handföng/hurðahúna.

Nesti og matur.

Lagt er til að starfsmenn hafi með sér nesti, mat kaffi og vatn fyrir allan daginn. Þannig að starfsmenn fari ekki á matsölastaði, sjoppur, verslanir eða aðra þá staði sem óþarfir væru ef nesti er haft með fyrir daginn.

Óþarfa samneiti við utanaðkomandi

Lagt er til að starfsmenn fari ekki af vinnusvæðinu nema brýn nauðsyn krefji og sé þá verksktjóri upplýstur um hvað verið er að fara og hvert hið nauðsynlega erindi er.

Ef grunur vaknar um COVID-19 sýkingu innan fyrirtækis, þarf að hafa samband við heilbrigðisþjónustu í síma 1700, heilsugæslu eða í gegnum heilsuvera.is

Eykt ehf